

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Alþingi
Erindi nr. P 125/1242
komudagur 27. 3. 2000

Reykjavík 24. mars 2000

Nefndasvið Alþingis,
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 – Reykjavík.

Efni: Umsögn um frv. til laga um br. á 1. 129/1997, 260. mál.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna vísar til umsagnar Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarpið og er samþykktur þeim ábendingum sem fram koma í umsögninni og lúta að fjárfestingaheimildum lífeyrissjóða.

LV tekur undir það viðhorf LL að ekki sé sjálfgefið að Fjármálaeftirlitið, sem eftirlitsaðili sjóðanna, sé jafnframt umsagnaraðili um hverjar þær breytingar á samþykktum lífeyrissjóðanna sem vilji stendur til að gera.

Þá telur LV sérstaka ástæðu til þess að benda á að 3. málslíður 1. mgr. 6 gr. frv. er óþarfur en fjárfestingarstefnunni eru gerð skil bæði í árskýrslu (ársreikningi) lífeyrissjóðanna sem send er Fjármálaeftirlitinu auk þess sem gerð er grein fyrir henni á ársfundi viðkomandi lífeyrissjóðs.

Ennfremur telur LV ástæðu til að vekja athygli nefndarmanna á að í 2. mgr. sömu greinar um reglugerðarsetningu Fjármálaráðherra er mælt fyrir um sundurliðun fjárfestingarstefnunnar “eftir tímabilum” sem er fullkomlega fráleitt og er því lögð þung áhersla á að þau tvö orð (eftir tímabilum) verði felld brott úr greininni.

Virðingarfyllst
Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Þorgeir Eyjólfsson forstjóri
(sign)